

Ráðast þarf í nánari greiningu á starfsemi slökkviliða á grundvelli fyrirbyggjandi úttekta. Mikilvægt er að samræma og samþætta brunavarnir og önnur lögbundin verkefni slökkviliða til að tryggja viðeigandi viðbragð á öllum starfssvæðum slökkviliða.	Til að tryggja samræmingu á verklegri kennslu og þjálfun slökkviliðsmanna er nauðsynlegt að bæta aðstöðu og aðgengi að menntun og þjálfun slökkviliðsmanna við innleiðingu á nýrri reglugerð um Brunamálaskólann.
Styðja þarf sveitarfélögin með því að hvetja til samstarfs og sameiningar minni slökkviliða er hafa ekki burði til að uppfylla lögbundnar kröfur og/eða takast á við stórar áhættur á þeirra svæðum. Þar sem slökkvilið er ekki í stakk búíð til að takast á við lögbundin verkefni er nauðsynlegt að koma á skriflegum samstarfssamningi við annað lið um að annast það verkefni.	Gera þarf greiningu á áhrifum sjúkraflutninga á lögbundin verkefni slökkviliða og viðbragðsgetu.Kanna hvort setja þurfi reglur til að koma í veg fyrir að dregið sé úr nauðsynlegu viðbragði slökkviliða sem reka jafnframt sjúkraflutninga.
Áfram verður unnið að eftirfylgni með gerð brunavarnaáætlana sveitarfélaga í samstarfi við slökkviliðin og að aukin verði eftirfylgni með að unnið sé í samræmi við þær.	Gera þyrfti samræmda úttekt á vatnsveitu og dreifikerfum á starfssvæðum allra slökkviliða landsins í samstarfi við vatnsveitur og leita leiða til að efla vatnsöflun og tryggja slökkvivatn á erfiðum svæðum.
Vinna þarf að því að stjórnendavaktir séu tryggðar á öllum starfssvæðum slökkviliða og að starfshlutfall slökkviliðsstjóra sé í samræmi við ábyrgð hans og valdheimildir.	Samræma þarf eldvarnareftirlit sveitarfélagana og koma á frekari úrræðum eldvarnareftirlits. Tryggja þarf að öll slökkvilið landsins nýti Brunavörðinn vegna eldvarnareftirlits.
Stuðla að samræmdu verklagi við lögbundin verkefni slökkviliða og skilvirka innleiðingu nýjunga í slökkvi- og björgunartækni.	Gera þarf sértæka úttekt á stöðu búnaðar vegna mengunaróhappa á starfssvæðum slökkviliða. Auka þarf sérfærni slökkviliða sem þjónusta önnur lið um viðbótaraðstoð vegna mengunarvarna og koma á auknu samstarfi milli aðila.
Áframhaldandi þróunarvinna Brunagáttarinnar í samstarfi við slökkviliðin. Mikilvægt að gáttin nýtist sem best sem stjórn tæki á sviði brunamála og til að ná fram yfirsýn um stöðu slökkviliða landsins, s.s. með gerð á stafrænna brunavarnaáætlana. Huga þarf að tengingu gáttarinnar við aðrar stafrænar lausnir, s.s. Brunavörðinn.	Auka þarf samstarf eftirlitsstofnanna sem koma að eiturefnamálum varðandi tilkynningar til slökkviliða um umfangsmikla geymslu og flutning hættulegra efna.
	Stuðla þarf að uppbyggingu á bað- og afeitrunaraðstöðu aðstöðu slökkviliða og bæta almenna aðstöðu til þrifa á hlífðarfatnaði og öðrum búnaði slökkviliða á stöð.